

Dagskrá fundar: Skólaráð Lágafellsskóla. Fundur 27.11. 2019

Mættir: Lís Greipsson skólastjóri, fulltrúar foreldra: Sonja Dögg Pálsdóttir og Kristín Ásta Ólafsdóttir, fulltrúar kennara: Sigríður Halldórsdóttir og Guðrún I. Stefánsdóttir, fulltrúi annarra starfsmanna: Erla Björnsdóttir, fulltrúi grenndarsamfélags : Kristrún Kristjánsdóttir, fulltrúi nemenda: Elfa Sif Hlynsdóttir og Einar Berg Árnason.

1. Lís bauð alla velkomna og bað fólk um að kynna sig.
2. Lís kom með þá tillögu að fundurinn myndi ákveða ákveða dagsetningar á fundum vetrarins. Tillaga um þriðjudag og eftirfarandi dagsetningar. 14.01.2020, 18.02.2020, 17.03.2020, 21.04.2020 og 19.05.2020. Fundurinn samþykkti þessar dagsetningar. Lís mun senda starfsáætlun til fundarmanna eftir fund.
3. Kosning ritara skólaráðs – Lís kom með tillögu um að fundarmenn skiptust á að rita fundargerð og var það samþykkt. Guðrún Ingibjörg hefur umsjón með að fundargerðir séu gerðar og sendar á skólastjóra.
4. Handbók skólaráðs. Lís bað alla að skoða handbókina og nefndi t.d. að það væri gott fyrir fulltrúa nemenda að kynna sér handbókina vel ef ske kynni að nemendur hefðu áhuga á að koma erindi til skólaráðs. Lís fór í gegnum handbókina og útskýrði hvert hlutverk skólaráðs væri.
5. Skólastarf haustsins
  - a. Starfsmannafjöldi/ráðningarmál: Fullmannað í haust þegar skólastarfið hófst. Það eru fjórar stöður sem þarf að fylla og rennur umsóknarfrestur út á morgun. 28.11 og vonandi næst að ráða sem fyrst.
  - b. Í dag eru 135 starfsmenn við Lágafellsskóla.
  - c. Í dag eru 668 nemendur við skólann. Í leikskóla eru 67 börn.
  - d. Félagsstarf unglिंगadeildar. Samantekt síðan í fyrra gerð af af Rut og kom í ljós að það voru 7 böll á síðasta ári. Nemendaráð er mjög áhugasamt um félagslífið og það verður ball á morgun 28.11 nemenda sem er tilbúinn í að halda.

- e. Foreldrafélagið hélt kaffihúsvöld þar sem Anna Steinsen var með fyrirlestur. Tókst mjög vel. 6.bekkur fær Stjörnutjalðið í heimsókn í ár og er reiknað með að það verði árlegur viðburður.
- 6. Niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7.bekk . Inn á MMS.is og inn á skýrslugrunn er hægt að fá alls konar upplýsingar. Lísa hvatti fundarmenn til að kíkja á vefinn. Það kom spurning um hvað væri gert þegar niðurstöður væri slakar. Þá er farið í markvissa vinnu með bekki/árganga. Mikilvægt að vinna með vísbendingar á yngra stigi ef árgangur kemur illa út á samræmdu prófunum og og aðstoða þau við að þetta grunn bæði i stærðfræði og íslensku.
- 7. Lísa kynnti drög að skóladagatali.

Umræða kom um að það hefði verið frábært að hafa langt vetrarfrí í febrúar, var einu sinni gert og aldrei aftur. Skólaráð hvetur Mosfellsbæ til að gera könnun meðal foreldra og starfsfólks um að sameina vetrarfrí haust og vor og hafa lengra frí í febrúar.

Tillaga kom um að færa foreldraviðtalsdaginn 11.nóvember viku fyrr eða 4.11.

Athugasemd um að setja inn tvöfaldan dag inn á dagatalið. Foreldrar hafa stundum haldið að þetta væri fastsett í dagatalið. Gott væri ef þetta væri sett upp á annan hátt svo þessi setning myndi ekki valda ruglingi.

Tillaga úr starfsmannahópnum að færa starfsdaginn sem á að vera 14.maí til 23.apríl til að starfsmenn gætu farið í skólaferð. Fundurinn gerði engar athugasemdir.

## 8. Önnur mál

Fyrirspurn kom um að skólinn skoði hvernig best sé að koma á móts við nemendur sem færast á milli skóla vegna eineltis. Skólaráðið vill vísa þessu í eineltisteymið til umsagnar.

Afturelding – Kom spurning um að skoða tengingu milli æfinga, frístundar og rútuferða. Lísa kom inn á að það væri erfitt fyrir frístund að sinna því hlutverki að koma nemendum í rútu til að fara á æfingar. Bærinn er með rútumálin og greiðir allan kostnað. Foreldrar vilja að æfingum sé lokið klukkan 17 og spurning hvernig hægt sé að koma á móts við foreldra.

Fundi slitið. 18.10

Fundarritari: Guðrún Ingibjörg Stefánsdóttir